



Þorsteinn Þórarinnsson, formaður Lionsklúbbsins afhenti Erlu Jóhannsdóttur, aðstoðarleikskólalastjóra, styrkinn. Með þeim eru Guðbjörg Gunnarsdóttir, deildarstjóri í Álfaborg og Sigurjón Pétur Guðmundsson og Kjartan Sveinsson stjórnarmenn í Lionsklúbbum Geysi.

Lionsklúbburinn Geysir afhenti leikskólanum Álfaborg peningastyrk

Lionsklúbburinn Geysir í Biskupstungum hélt lokafund sinn þetta starfsárið á Hótel Geysi 18. júní sl. Félagsstarfið hjá klúbbum var með hefðbundnum hætti í vetur en Covidfaraldurinn setti mark sitt

á starfið, því var sérstaklega góð stemning á lokafundinum þegar félagarnir hittust loks eftir alltof langan aðskilnað. Lionsklúbburinn hefur í gegnum tíðina látið gott af sér leiða til góðra málefna í sveitarfélaginu. Að þessu sinni

var Leikskólanum Álfaborg í Reykholti afhent peningagjöf að upphæð 700.000 kr. til áhaldakaupa. En þess má til gamans geta að leikskólinn flutti inni nýtt húsnæði sl. haust og því mun styrkurinn nýtast skólanum vel.

Sveitarfélagið Ölfus kaupir öflugan dráttarbát

Þann 24. júní sl. fékk Ölfus í hendurnar dráttarbátinn Jötun frá Faxaflóahöfnum. Það er í annað sinn sem dráttarbátur frá Faxaflóahöfnum er seldur til Þorlákshafnar. Báturinn mun þó ekki bera nafnið Jötunn en hann verður fyrsti dráttarbáturinn á landinu til að hljóta kvenmannsnafn en báturinn mun fá nafnið Herdís. Með nafninu er verið að vísa í eitt þekktasta kennileiti sveitarfélagsins Ölfuss, Herdísarvíkur, en þar var lengi kunn verstöð með fjölda sjóbúða sem enn má greina í landslaginu.

kaup og framtíðartækifæri hafnarinnar. „Staðan er einfaldlega sú að Þorlákshöfn er í dag ein af lykilvöruhöfnum landsins og enn meiri sókn framundan. Kaupin á dráttarbátum eru eitt þeirra atriða sem við þurfum að tryggja til að framtíðarform okkar gangi eftir. Við höfum orðað það svo að þau hafi verið nauðsynleg en hreint ekki nægjanleg.“ Elliði segir að næsta skref sé að stækka höfnina þannig að hægt verði að taka inn allt að 180 metra löng og 30 metra breið skip. „Við hjá sveitarfélaginu höfum öll lagst á eitt við að tryggja fjármögnun þessa verkefnis og vonumst til þess að hægt verði að ljúka undirbúningi síðla árs og hefja verklega framkvæmd þar að lútandi á næsta ári. Gangi allt eftir gætum við horft til þess að árið 2022 verði hægt að taka í notkun gjörbreytta og öflugri höfn. „Markmið okkar er einfalt, Þorlákshöfn á að vera lykilhöfn í siglingum með vörur og farþega milli Íslands og Evrópu en samhliða að þjóna fiskiskipaflotanum til jafns á við það sem best gerist, segir Elliði Vignisson, bæjarstjóri Ölfuss.“ -gpp

Öflugt stálskip með 27 tonna togkraft

Báturinn er tæplega 100 tonna stálbátur sem smíðaður var í Hollandi árið 2008. Hann hefur 27 tonna togkraft. Þegar dráttarbáturinn var auglýstur til sölu bárust tvö tilboð í hann. Hafnarsjóður Þorlákshafnar átti herra boðið upp á 220,5 milljónir. Hafnarfjarðarhöfn bauð 202 milljónir.

Höfnin ein að lykilvöruhöfnum landsins

Elliði Vignisson bæjarstjóri segist afar ánægður með þessi

Skýjahulan lágt á lofti í júní

Loftmyndir hafa þann eiginleika að sýna okkur samfélagið og náttúruna frá öðru sjónahorni en við sjáum dags daglega. Þessi loftmynd er tekin af Þóri Tryggvasyni á flugi rétt fyrir neðan Selfoss. Heldur lágskýjað var þennan dag eins og sjá má á myndinni og ekki laust við að einhver væta hafi gert vart við sig. -gpp



Mynd: Þórir Tryggvason.



Er potturinn klár fyrir sumarið?

20 ára
2000-2020

PÍPULAGNIR
HELGA

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Framúrskarandi þjónusta við Toyota eigendur á Suðurlandi.

Toyota Selfossi Fossnesi 14 Selfossi Sími: 480-8000 www.toyotaselfossi.is

Boggugarðar

- Trjá- og hekkklippingar
- Beðahreinsanir
- Garðaráðgjöf

Sólborg Ósk Kragh
GARÐYRKJUFRAEÐINGUR

Sími 895 2766
solborgosk@gmail.com

Erum á Facebook



Hrós vikunnar

Tryggvi Hjörtur Oddsson
er hrósari vikunnar að þessu sinni:



Tryggvi Hjörtur Oddsson

Mig langar til að hrósa starfsmönnum bæjarvinnunar í Hveragerði og þeim sem sjá um sláttinn, en bærinn er afskaplega snyrtilegur og fallegur að sjá þetta sumarið, sem og áður.

Tryggvi Hjörtur Oddsson

Ég skora á Jóhann Valgeir Helgason, formann Björgunarfélags Árborgar, að senda inn næsta hrós vikunnar.

Dagskráin, fréttablað Suðurlands

Jóhann, sendu okkur hrósið á dfs@dfs.is fyrir næsta mánudag. Ekki væri verra að fá mynd með :)



Útskriftarhátíð hjá HfSu

Þann 25. júní síðastliðinn hélt Háskólafélag Suðurlands/HfSu sína 11. útskriftarhátíð þar sem þeirri hefð var viðhaldið að kveðja útskrifaða nemendur sem hafa nýtt sér þá þjónustu sem félagið býður uppá varðandi lesaðstöðu og prófatöku. Að þessu sinni voru 16 brottfarendur kvaddir en þar af voru fjórir nemendur sem útskrifuðust úr tilraunaverkefni Háskólafélagsins og Háskóla Íslands, svokölluðu Fagháskólanámi í hagnýtum leikskólafræðum.

Sigurður Sigursveinsson framkvæmdastjóri Háskólafélagsins og Ingibjörg Ásta Rúnarsdóttir þjónustustjóri sáu um útskriftina en auk þess var viðstödd hátíðina Oddný Sturlu-



dóttir fulltrúi Háskóla Íslands sem veitti áður nefndum útskrifuðum nemum úr hagnýtum leikskólafræðum, diplómu fyrir nám sitt auk þess að færa Háskólafélaginu sérstakar þakkir fyrir framlag sitt og samstarf í þessu merkilega tilraunaverkefni.

Það hefur verið mikil gróska í íslensku háskólasamfélagi undanfarin ár. Fyrir áratug eða svo töldust Íslendingar aftarlega

á merinni varðandi hlutfall háskólamenntaðra en þetta hefur breyst og sífellt fleiri byggja ofan á grunnnám í háskólanámi og fleiri stunda háskólanám með starfi. Hugtakið ævilöng menntun er ekki lengur bara hugtak, heldur veruleiki. Það eru því talsverðar líkur til þess að þeir sem nú hafa lokið námi komi aftur í Fjölheima – lesaðstöðu HfSu, til frekara náms síðar. En þrátt fyrir fleiri háskólaborgara í íslensku samfélagi þá hallar töluvert á landsbyggðina hvað varðar hlutfall háskólamenntaðra. Sú staðreynd er líklega skýringin á því hvers vegna sveitarfélögin á Suðurlandi stofnuðu Háskólafélagið í árslok 2007.

Flóamannabók er jólabókin í ár

Allir sem unna sögu Flóans og Flóamanna geta farið að hlakka til haustsins því fyrstu tvær bækurnar í væntanlegri Flóamannabók, þar sem fjallað er um Hraungerðishrepp, eru á leiðinni í prentun. „Bækurnar eru skrifaðar af Jóni M. Ívarsyni, sagnfræðingi frá Vorsa-bæjarhóli og lesnar yfir af þeim frændum Svavari Sigmundssyni og Guðmundi Stefánssyni. Þeir sem gerast heiðursáskrifendur fá nöfn sín birt á heiðursnafnalista í bókinni. Þeir og jafnframt hinir sem gerast áskrifendur fá bókina á 20 þúsund krónur, sem er kosta boð,“ segir Guðni Ágústsson í samtali við blaðið um væntanlega útgáfu bókanna. „Í bókunum er rakin saga Flóans, fólksins og bæjanna í máli og myndum. Myndirnar eru yfir tvö þúsund talsins og margar fágættar. Bækurnar eru einstakar upplýsingabækur og verða lesnar upp til agna. Ég bið væntanlega kaupendur að fylla út listann hér



Guðni Ágústsson.

til hliðar og mynda hann svo eða skanna og senda á sigmstef@gmail.com. Heimilisfang Sigmundar er Logafold 163, 112 Reykjavík, kjósi fólk að nota þjónustu Póstsins, þá er síminn hans 898 6476,“ segir Guðni svo að lokum.

Heiðursáskrift og/eða áskrift Flóamannabók - Byggðasaga Flóahrepps

Ég undirrituð/undirritaður panta hér með eitt eintak af fyrstu tveimur bókum *Flóamannabókar - Byggðasögu Flóahrepps*, þar sem fjallað er um Hraungerðishrepp. Nafn einstaklings eða fyrirtækis sem tiltekið er hér til hliðar verður skráð í heiðursáskriftarlista fremst í Flóamannabók en hjón og sambúðarfolk geta skráð nöfn sín saman og fá eitt eintak af hvorri bók. Jafnframt geta einstaklingar og fyrirtæki gerst áskrifendur að bókunum og fengið hana á sama verði. **Verð bókanna er 20.000 kr.** sem greiðist eigi síðar en 1. september 2020. Reikningur verður sendur áskrifendum í heimabanka eða pósti ef óskað er. Bækurnar verða afhentar við útgáfu sem áætluð er fyrir júl 2020.

- ☐ Óska eftir reikningi í pósti
☐ Óska eftir reikningi í heimabanka
☐ Heiðursáskrift
☐ Áskrift

Nafn

Nafn/nöfn eða heiti sem skrá skal á heiðursnafnalistann

Kennitala greiðanda

Heimilisfang

Símanúmer

Tölvupóstfang



TILBOÐ Á SÉRVÖLDUM VÖRUM

NÝJAR ÓDÝRAR VÖRUR FRÁ ÍTALÍU

LINDIN
TÍSKUVERSLUN
Eyravegi 29 · Selfossi · Sími 482 1800

Auglýsing um skipulag í Sveitarfélaginu Ölfusi



ÖLFUS

Aðal- og deiliskipulagsbreyting „Miðbæjarkjarni í Þorlákshöfn“ - Mói

Bæjarstjórn Ölfuss hefur samþykkt á fundi nr. 280, þann 25. júní 2020 að auglýsa tillögu að breytingu á aðal- og deiliskipulagi, skv. 1. málsg. 36. gr. og 1. málsg. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eftir afgreiðslu Skipulags- og umhverfisnefndar Ölfuss.

Í gildandi deiliskipulagi er m.a. gert ráð fyrir tveggja hæða verslunarkjarna norðan og austan við heilsugæslu og þremur þriggja til fjögurra hæða fjölbýlishúsum næst Ölfusbraut. Svæðið norðan Selvogsbrautar er enn óbyggt að frátölu heilsugæsluhúsi. Tillagan gerir ráð fyrir að hætt verði við verslunarkjarnann á reitnum og þess í stað er gert ráð fyrir uppbyggingu í formi eins til þriggja hæða íbúðarhúsnæðis nyrst á reitnum, þriggja hæða fjölbýlishúsum vestast á reitnum og eins til þriggja hæða verslunar-, þjónustu- og menningarhúsum meðfram Selvogsbraut.

Samhliða deiliskipulagsbreytingunni er gerð breyting á Aðalskipulagi Ölfuss 2010-2022 þar sem m.a. eru gerðar breytingar á landnotkunarflokkum. Afmörkun núverandi Miðsvæðis (M1) norðan Selvogsbrautar er breytt með þeim hætti að svæðið minnkar nyrst og vestast en stækkar þess í stað til austurs á kostnað athafnasvæðis (A1) og verslunar- og þjónustusvæðis (V1). Nýtt íbúðasvæði (Í12) er skilgreint á milli Í9 og M1 og minnkar Í9 lítillega við það. Athafnasvæði (A1) minnkar sömuleiðis lítillega á kostnað hins nýja íbúðasvæðis (Í12).

Deiliskipulag hafnarsvæðis Þorlákshafnar

Bæjarstjórn Ölfuss hefur samþykkt á fundi nr. 280, þann 25. júní 2020 að auglýsa deiliskipulag hafnarsvæðis Þorlákshafnar. skv. 1. málsg. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br, eftir afgreiðslu Skipulags- og umhverfisnefndar Ölfuss.

Á svæðinu er í gildi eldra deiliskipulag sem var auglýst í B-deild stjórnartíðinda 28. 11. 2008 sem mun falla úr gildi við gildistöku þess skipulags sem nú er auglýst. Deiliskipulag hafnarsvæðis Þorlákshafnar er nú auglýst að nýju en það var áður auglýst fyrir rúmu ári. Á því hafa verið gerðar nokkrar breytingar og er sú veigamesta sú að stór nýr suðurgarður sem fjallað er um í gildandi aðalskipulagi og er nú tekinn út úr deiliskipulaginu og fjallar það ekki lengur um hann. Því þarf ekki að gera grein fyrir umhverfisáhrifum sem bygging hans gæti valdið að þessu sinni.

Deiliskipulagið er í samræmi við breytingu á gildandi aðalskipulagi Ölfuss sem nýlega var breytt á svæðinu.

Deiliskipulagsbreyting „Mánastaðir 1 og 2 – Kambastaðir“ vegna Kambastaða í Ölfusi

Bæjarstjórn Ölfuss hefur samþykkt á fundi nr. 280, þann 25. júní 2020 að auglýsa breytingu á deiliskipulaginu „Mánastaðir 1 og 2 – Kambastaðir“. skv. 1. málsg. 41. gr. og 1. málsg. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br, eftir afgreiðslu Skipulags- og umhverfisnefndar Ölfuss.

Breytingin er vegna Kambastaða í Ölfusi. Á landinu má, skv. nýsamþykktu

deiliskipulagi, byggja 5 metra hátt íbúðarhús og 8 metra háa skemmu. Sótt er um að hámarks hæð íbúðarhúss verði 9 metrar og eins er byggingarmagn aukið lítillega. Skv. deiliskipulagi má byggja ca 600 m² í allt á landinu en þeir óska eftir að þar megi byggja 850 m² sem er vel innan við 0,05 nýtingarhlutfall skv. gildandi aðalskipulagi.

Tillögurnar verða til sýnis á bæjarskrifstofum Sveitarfélagsins Ölfuss að Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn, frá og með 1. júlí til 14. ágúst 2020. Uppdrættir eru einnig aðgengilegur á heimasíðu Ölfuss, www.olfus.is, undir skipulag í kynningu.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við áformin. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Ölfuss eða með tölvupósti á skipulag@olfus.is, fyrir 14. ágúst 2020.

Skipulagslýsing vegna breytingar á aðal- og deiliskipulagi Norðurhrauns í Þorlákshöfn

Bæjarstjórn Ölfuss hefur samþykkt á fundi nr. 280, þann 25. júní 2020 að auglýsa skipulagslýsingu og tillögu að breytingu á aðal- og deiliskipulagi, skv. við gr 30. grein skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br, eftir afgreiðslu Skipulags- og umhverfisnefndar Ölfuss.

Breyting aðalskipulags felst í því að íbúðum í reit Í-6 í Þorlákshöfn er fjölgað úr 51 í 75 og þéttleiki byggðar eykst úr 9,4 íb/HA í 13,8 íb/HA.

Skipulagslýsing fyrir fjórar lóðir í landi Dimmastaða í Ölfusi

Bæjarstjórn Ölfuss hefur samþykkt á fundi nr. 280, þann 25. júní 2020 að auglýsa skipulagslýsingu í landi Dimmastaða í Ölfusi. skv. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br, eftir afgreiðslu Skipulags- og umhverfisnefndar Ölfuss.

Stefnt er að því að deiliskipuleggja landið Dimmastaði í Ölfusi sem er 2,5 ha. að stærð. Dimmastaðir er stofnuð úr landi Litla-Saurbæjar 1 (L171771). Svæðið er sunnan Hveragerðis, um 1 km austan við Þorlákshafnarveg (nr. 38). Lóðin er á skilgreindu landbúnaðarlandi, landið er flatt og grasi gróðið. Engin mannvirki eru á landinu.

Skipulagslýsingarnar verða til sýnis á bæjarskrifstofum Sveitarfélagsins Ölfuss að Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn, frá og með 1. júlí til 31. júlí 2020. Gögnin eru einnig aðgengileg á heimasíðu Ölfuss, www.olfus.is, undir skipulag í kynningu.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Ölfuss eða með tölvupósti á skipulag@olfus.is, fyrir 31. júlí 2020.

Skipulagsfulltrúi Ölfuss
Gunnlaugur Jónasson



Viðbygging við grunnskólann í Hveragerði

Miklar framkvæmdir í Hveragerði

Þrátt fyrir að efnahagslegt umhverfi hafi þróast með öðrum hætti en nokkurn gat grunað nú á vormánuðum er engan bilbug að finna á þeim fjölmörgu sem nú vinna að uppbyggingu og framkvæmdum í Hveragerði. Gangi allar framkvæmdir ársins eftir eins og gert er ráð fyrir er ljóst að árið 2020 verður eitt alstærsta framkvæmdaár bæjarins frá upphafi. Umfangsmikil gatnagerð á sér nú stað í Kambalandi en næsta úthlutun lóða í hverfinu mun eiga sér stað þann 2. júlí. Miðað við fyrirspurnir er ljóst að framkvæmdir munu halda áfram í hverfinu af krafti næstu misserin. Athugulir hafa vafalaust tekið eftir að framkvæmdir við viðbyggingu við grunnskólann eru hafnar en þar munu rísa 6 nýjar kennslustofur á tveimur hæðum. Er aðdúnarvert að fylgjast með hversu vel framkvæmdin fléttast inn í Lystigarðinn Fossflöt sem gera mun að verkum að útsýni úr hinu nýja húsnæði verður einstaklega fallegt. Framkvæmdir við nýja vatnslögn frá vatnastanki inn í Kambaland ganga vel en með tilkomu hennar verður einnig stórkostleg bót á göngustígnum sem nú verður að heilsársstíg með fallegri lýsingu. Nýtt bíla- staði á Árhólum mun fara

Aldís Hafsteinsdóttir

Bæjarstjóri Hveragerðisbæjar

að taka á sig mynd fljótlega og framkvæmdir við algjöra endurnýjun á búningasklefum sundlaugarinnar Laugaskarði munu eiga sér stað í vetur. Ýmis minni verkefni munu einnig sjást á vegum Hveragerðisbæjar sem gaman verður að kynna síðar. Við Breiðumörk rís nú 3.000 m² Greenhouse hotel með Mathöll Suðurlands á neðstu hæð. Herbergin eru komin, fullbúin, til þorlákshafnar frá verksmiðjunni Moelven í Noregi, svo búast má við að gjörbreyting verði á aðkomunni inn í bæinn þegar þau raðast upp, hratt og vonandi vel. Sömu aðilar munu opna þjónustuhús á Árhólum í sumar og þar með er tryggð góð þjónusta og aðstaða fyrir hina fjölmörgu gesti sem um svæðið fara. Dvalarheimilið Ás hefur hafið framkvæmdir við byggingu nýs mótuneytis og eldhúss við Bröttuhlíð. Þar mun í framtíðinni verða eldaður matur fyrir


íbúa á Ási og fyrir íbúa á heimilunum Grund og í Mörkinni í Reykjavík. Störf munu skapast á framkvæmdatíma og ný störf skapast í nýju eldhúsi að framkvæmdum loknum. Veitur ohf. hafa kynnt að framkvæmt verður í bæjarfélaginu fyrir um 850 m.kr. á næstunni og ber þar hæst bygging nýs þjónustuhúss í Vorsabæ og uppsetning á dælum í borholum sem tryggja eiga örugga orkuafhendingu í bæjarfélaginu. Auk þessa eru fjölmargir aðilar að byggja íbúðarhúsnæði í bæjarfélaginu. Hús í Kambalandi eru orðin sýnileg og ljóst að þar eru að rísa fallegar byggingar á einstökum stað. Unnið er að þéttingu byggðar víða enda möguleikar til þess miklir. Fjöldi íbúða í byggingu slagar í eitt hundrað og enn fleiri eru væntanlegar. Vinsældir Hveragerðisbæjar eru miklar og helgarrúntur austur fyrir fjall virðist vera að festa sig í sessi. Er afar ánægjulegt að verða vitni að þeim fjölda sem heimsækir Hveragerði um þessar mundir til að njóta alls þess sem bærinn hefur upp á að bjóða. Vafalaust munu vinsældir bæjarins ekki gera annað en að aukast á næstunni.

Sunnlenski matgæðingurinn

Matgæðingur vikunnar er **Jóna Kristín Guðmundsdóttir**.

Ég þakka uppáhalds bróður mínum honum Garðari í Hólmi fyrir áskorunina, hann er frábær í eldhúsinu. Ég er með uppskrift að lambalæri, að sjálfsögðu af heimaslátruðu. Ég ætla að elda það eins og mamma gerði en hún var snillingur í matargerð. Uppskriftin er eftirfarandi:

- Eitt lambalæri
- Salt
- Pípar
- Paprikuduft eftir smekk



grænum baunum og brúnuðum eða soðnum kartöflum. Svo er það eftirrétturn. Á sunnudögum í Hólmi þegar ég var lítil stelpa bjó mamma oft til þennan eftirrétt. Rabarbarahófurinn skorinn af rabarbaranum, snyrtur, þvegin og troðið í stóra krukku. 2 dl vatn og 1 dl sykur sett í pott og soðið þar til það fer að þykkna, hellt ofan á rabarbarahófana og lokið sett á. Krukkan sett í pott og tuska undir (til að hlífa krukkan) og svolítið vatn sett í pottinn. Þetta er látið sjóða í sirka 30 mínútur eða þar til það er orðið meyr. Þetta er svo borið fram með rjóma eða ís.

Ég skora á tengdadóttur mína Kristínu Jóhannsdóttur að vera næsti matgæðingur. Ég hef oft verið í matarboðum hjá henni og aldrei verið svikin. Hún mun örugglega töfra eitthvað girnilegt fram úr erminni.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Útimessa í Arnarbæli



Útimessa verður haldin í Arnarbæli í Ölfusi næstkomandi sunnudag kl. 14. Arnarbæli er fornfrægur kirkjustaður við Ölfusá og prestssetur frá því um 1200 og til 1909. Ekið er um Arnarbælisveg, nr. 375, sem er fyrsti afleggjari af Þjóðvegi nr. 1, skammt fyrir austan Kot-

strandarkirkju og greinilega merktur: **Arnarbæli**. Ef veðrið bregst flyst guðspjónustan inn í Kotstrandarkirkju. Kirkjukór Hveragerðis- og Kotstrandar-sókna leiðir söng undir stjórn Esterar Ólafsdóttur. Prestur sr. Ninna Sif Svavarsdóttir. Messukaffi að guðspjónustu lokinni.

Útgefandi: Dagaskráin, Eyraveg 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dagaskrain@prentmet.is.
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gpp@prentmetoddi.is.
Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, skh@prentmetoddi.is.
Dagaskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyraveg 25, Selfoss, fyrir hádegis á mánudögum. Upplag 9700 eintök.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagaskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.
ISSN 1670-407X
Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Visnagátur-höf. Ármann Dalmannsson - Útg. Bókauktgáfan SKRUDDA

Gáta vikunnar

Ég er tíðast tún og bakkar.
Troða á mér litlir krakkar.
Sveinar á mér sækja og verjast.
Með sverðum á mér dauðir berjast.

Svar við gátu í blaði 2553: **GJÖF**.
1. lína: Jólágjöf - 2. lína: Ágjöf
3. lína: Hefndargjöf - 4. lína: Uppgjöf

Nýr aðstoðarskóla-
stjóri Barnaskólans
á Eyrarbakka og
Stokkseyri

Guðrún Björg Aðalsteins-
dóttir hefur verið ráðin í
stöðu aðstoðarskólustjóra við
Barnaskólann á Eyrarbakka
og Stokkseyri. Hún var valin
úr hópi sjö umsækjenda.
Guðrún starfaði í fimm ár
sem skólameistari Mennta-
skóla Borgarfjarðar og þar
áður sem framkvæmdastjóri
kennslu og þjónustu við
Háskólann á Bifröst. Áður
sinnit hún forstöðumennsku
háskólagáttar og var verk-
efnastjóri á kennslusviði
við Háskólann á Bifröst.
Guðrún er með BSc gráðu í
viðskiptafræði, MIB gráðu í
alþjóðlegum viðskiptum og
kennsluréttindi frá Háskólan-
um á Akureyri.



Ungmennni fögnuðu góðri vinnu
í Tungu- og Tumastaðaskógi

Í lok síðust viku komu saman
öll ungmenni sem hafa unnið
við fegrun og endurbætur í
Tungu- og Tumastaðaskógi í
Fljótshlíð í sumar og grillaðu.
Tilfnið var að verkefnið í skóg-
unum var að ljúka, en þau hafa
staðið sig einstaklega vel og
hafa grisjað og hreinsað brotnar
greinar og séð um að kurla það
líka. Þau lögðu hátt í 2 km af
kurli í göngu og hjólastíga. Búið
er að slá flatir og setja þar bekkir
og borð. Eldstæði var hlaðið þar
sem hægt er að grilla, vatns-
lagn var lögð að salernishúsi
og komið var upp vatnskrana
fyrir neysluvatn. Bekkir, gerð-
ir úr timbri úr skóginum, eru á

megin gönguleiðinni þar sem
gott er að sitja og hlusta á lífið
í skóginum og finna ilminn af
trjánum. Aðgengi að svæðinu
hefur verið bætt með stækkun
bílastæða. Ungmennin prófuðu
hjólaleiðirnar sem eru stíkaðar
og merktar og allir ánægðir með
afraksturinn. Samstarf hefur
verið við Skógræktina við þessa
vinnu og er nú unnið að nýju yf-
irlitskorti fyrir svæðið allt. Þor-
steinn Jónsson er verkstjóri með
ungmennunum í sumar. Þau
hafa haft það markmið í sumar
að bæta aðgengi að áfangastöð-
um og náttúruperlum í sveitar-
félaginu ásamt því að fegra og
hreinsa.



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keysrla@keysrla.is - www.keysrla.is - [f /keysrla.is](https://www.facebook.com/keysrla.is)

RAKI FJARLÆGÐUR ÚR KJALLARA
OG VEGG Á EINFALÐAN HÁTT

— Electrophoresis —

PANTAÐU ÓKEYPIS
RAKASKOÐUN
VIÐ AÐSTOÐUM MEÐ:

- Að finna orsök rakans
- Að fara yfir aðferðir til að fjarlægja rakann
- Að mæla hvað mikill raki er í kjallaranum

DRYTÆKNI
PURR KJALLARI OG VEGGIR
Á EINFALÐAN HÁTT

info@drytaekni.is
Hringdu í ráðgjafa í S: 6635538
www.drytaekni.is
Viðurkennd rakalausn þróuð í Þýskalandi

TRÍÓ

MÁNAÐARINS

3

ÞRÍJAR PIZZUR
AF MATSEÐLI
Á SJÓÐHEITU
TILBOÐSVERÐI Í
HVERJUM MÁNUÐI

STÖR PIZZA



PANTAÐ Á NETINU
EDA MEÐ APPINU
OG GREITT
FYRIRFRAM



→ EIN STÖR PIZZA ←

1.790 KR.

AÐEINS EF ÞÚ PANTAR Á NETINU EDA MEÐ APPINU, GREIDIR FYRIRFRAM OG SÆKIR



DOMINOS.IS | DOMINO'S APP



BRYGGJUHÁTÍÐ STOKKSEYRAR 2020

Bryggjuhátíð verður haldin á Stokkseyri helgina 3.-5. júlí.

Dagskrá hátíðarinnar má finna á FB síðu hátíðarinnar.

 <https://www.facebook.com/Bryggjuhatid/>

Allir hjartanlega velkomnir.



Gáfu hægindastól til Fossheima

Nýverið færðu aðstandendur Einars Kjartanssonar hægindastól að gjöf til Fossheima.

Stóllinn var þakklætisvottur fyrir góða og gjöfula umönnun þann tíma sem hann dvaldi á deildinni. Gefendur fá kærar þakkir frá Fossheimum fyrir gjöfina og þann góða hug sem að baki býr.



Aðstandendur Einars Kjartanssonar.

Ljósleiðarinn í Skaftárhrepp

Sum 32 milljóna kr. styrk úr fjarskiptasjóði í aukaúthlutun Ísland ljóstengt og 15 milljónir kr. í byggðastyrk til lagningar ljósleiðara í dreifbýli. Styrkurinn fer í að leggja ljósleiðara samhliða þrífösum rafmagns í Meðallandi. Á árinu 2020 verður því lokið við að tengja alla styrkhæfa staði í dreifbýli í Skaftárhreppi sem er framar björtustu vonum þegar farið var af stað í verkefnið 2017.

Styrkurinn úr fjarskiptasjóði er hluti af 400 milljóna króna viðbótarfjárveitingu stjórnvalda til fjarskiptasjóðs. Fjárveitingin er liður í átaki stjórnvalda til að sporna gegn samdrætti í hagræðni vegna kórónuveirunnar. Byggðastyrkurinn kemur frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu en ákveðið var að leggja til 43 milljónir kr. sem framlag úr byggðaáætlun til að styrkja dreifbýl svæði til að leggja ljósleiðara. Það voru 17 sveitarfélög sem fengu úthlutað

að þessu sinni. Sigurður Ingi sagði að hyllti undir að það væri búið að leggja ljósleiðara í allar sveitir landsins.

Það er nokkuð ljóst að góð nettenging eykur möguleika til atvinnusköpunar í Skaftárhreppi og bætir aðstöðu bænda, ferðafjónustuaðila og annarra fyrirtækja og einstaklinga því allar greinar eru háðar góðu netsambandi. Fjarvinna jókst miklu síðustu vikur og ljóst að það munu einhverjir geta nýtt sér þann möguleika á sínum vinnustöðum. Ljósleiðaratenging er forsenda fjarvinnu og ekki ólíklegt að nú sjái einhverjir sér hag í því að verja hluta ársins í sveitinni þó vinnustaðurinn sé í öðru sveitarfélagi.

Sandra Brá Jóhannsdóttir, sveitarstjóri, Skaftárhrepps, Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðgjafi, og Haraldur Benediktsson, varaformaður fjarskiptasjóðs, skrifuðu undir samningana.



Lauffall

Hannyrðabúðinn flytur sjálf inn megnið af því garni sem þar er til sölu. Stór hluti kemur frá danska fyrir-tæknu Cewec sem þekkt er fyrir gæða framleiðslu. Uppskrift vikunnar að þessu sinni kemur frá Cewec og er prjónuð úr tveimur garntegundum frá þeim.

Stærðir: XS/S (M/L) XL/XXL
Yfirvið: 103 (118) 134 cm
Lengd: 53 (60) 67 cm
Garn: Anisia (76% kid mohair, 24% polyamid) og Dolce (60% kid mohair, 40% acryl)
 Dolce 5 (5) 6 dokkur, Anisia 3 (3) 4 dokkur.
 Prjónar no 6 og 7, 4 og 60 sm langir
Prjónafesta: Einn þráður af hvorri garntegund 13 l = 10 sm á prjóna no 7. Ef prjónafesta passar ekki er ráðlagt að skipta í grófari eða finni prjóna þar til rétt festa næst.

Styttingar: l = lykkjur, p = prjónn, umf = umferð, st = stykkið, s = slétt lykkja, br = brugðin lykkja, sm = saman, sl u = slá upp á, au = aukning
 Athugið að flíkin er prjónuð með tvöföldu garni, einum þráði af hvoru garni. Prjónað er frá hálsi og niður. Peysan er víð með viðum ermum. Mynstrið er prjónað samkvæmt mynsturteikningu. Athugið að teikningarnar sýna einungis mynsturumferðirnar, alltaf er prjónuð ein umferð slétt á milli mynsturumferða.

Uppskrift:

Fitjið upp 80 (80) 80 lykkjur á styttri hringprjón no 6 og prjónið 4 sm stroff (1 sl, 1 br). Skiptið yfir á prjón no 7 og merkið fyrir laskaermum þannig; setjið prjónamerki við byrjun umferðar, eftir 11 l (ermi), merki eftir 29 l (framhlíð), 11 l (ermi) og 29 l (bakstykki). Prjónið nú samkvæmt mynsturteikningu þannig: Umf. *1 sl, sl u, ermamynstur, sl u, 1 sl, færið prjónamerkið, 1 sl, sl u, fram- og bakmynstur, sl u, 1 sl, færið prjónamerkið* endurtakið ** (nú er búið að prjóna eina mynsturumferð og 8 aukningar myndaðar með því að slá upp á. Umf. Prjónið 1 umferð slétta (ekki sýnd á mynsturteikningu). Endurtakið þessar 2 umferðir þar til alls eru komnar 16 (21) 26 aukningar (= 208 (248) 288 l).

Deillið nú lykkjunum í ermar og bók: Setjið 43 (53) 63 l á hjálparnælu (ermi), fitjið upp 6 l, prjónið mynstur yfir framstykkið 61 (71) 81 l, setjið 43 (53) 63 l á hjálparnælu (ermi), fitjið upp 6 l, og prjónið mynstur yfir bakstykkið 61 (71) 81 l (= 134 (154) 174 l á bók). Haldið áfram að prjóna mynstur að fram- og bak-



stykki en nýju lykkjurnar í hliðunum prjónast sléttar. Prjónið þar til stykkið mælist 32 sm frá ermaopi (eða hefur náð óskaðri lengd að frádrægnum 4 sm). Skiptið yfir á prjón no 6 og prjónið 4 sm stroff eins og í háls-máli. Fellið af með stroffprjóni.

Ermar:

Færið lykkjurnar yfir á stuttan prjón no 7 og takið upp 6 l í ermaopinu (= 49 (59) 69 l). Merkið byrjun umferðar mitt á milli lykknanna 6 sem teknar voru upp. Prjónið mynstur samkvæmt teikningu, en nýju lykkjurnar 6 eru prjónaðar sléttar, þar til ermin mælist 24 (25) 26 sm (eða hefur náð óskaðri lengd mínus 4 sm). Skiptið yfir á hringprjón no 6, prjónið fyrstu 2 l sm, (=48 (58) 68 l) og prjónið stroff 1 sl, 1 br alls 4 sm. Fellið af með stroffprjóni. Gangið frá endum, þvoíð samkvæmt leiðbeiningum á garni, leggið til þerris.

Hönnun og uppskrift: Cewec, Jette Strombski.




Hannyrðabúðin


Eyragævi 23, Selfoss // 555-1314



Fram- og bakstykki



Ermar



- Slétt
- Sláð upp á prjóninn
- x Takið eina lykkju lausa af, prjónið tvær sléttar saman, steyplið lausu lykkjunni yfir
- / Tvær sléttar saman
- \ Tvær sléttar snúið saman



FULLT STARF Á ÞJÓNUSTUSTÖÐ OLÍS, SELFOSSI

Við leitum að starfsfólki í fullt starf sem felst í almenntri afgreiðslu, vörumóttöku og áfyllingu, þrifum, þjónustu við viðskiptavini og öðru tilfallandi.

Hæfniskröfur

- Snýrtimennska og reglusemi
- Jákvæðni, dugnaður, þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum

Unnið er á 12 tíma vöktum.
Starfsfólk nýtur góðra afsláttarkjara og styrks til heilsueflingar.

Umsóknir á **olis.is**
Umsóknarfrestur til og með 5. júlí

Nánari upplýsingar hjá verslunarstjóra.

VIÐ LEITUM AÐ TRAUSTU STARFSFÓLKI

Íþróttir

Efni sendist á dfs@dfs.is

Öflugur liðsstyrkur í Hamar-Þór

KÖRFUBOLTI Hið nýja sameinaða lið Hamars-Þórs í körfubolta hefur fengið til sín öflugan liðsstyrk í tveimur nýjum leikmönnum, þeim Hrafnhildi Magnúsdóttur og Sigrúnu Elfu Ágústsdóttur. Hrafnhildi Magnúsdóttir er öflugur leikstjórnandi, hún spilaði síðast með Hamri tímabilið 2015-2016 en fór þá til Vals, en hún hefur spilað með ÍR síðastliðin þrjú tímabil. Sigrún Elfa Ágústsdóttir er öflugur framherji sem kemur frá Þorlákshöfn, en hún hefur spilað í Grindavík síðustu ár. Það er mikil ánægja með að hafa fengið þessa sterku leikmenn til liðsins, en þær eru báðar reynslumiklir

og kraftmiklir leikmenn og bætast við góðan hóp leikmanna sem hafa spilað með Hamri undanfarin ár.

Dagrún Inga Jónsdóttir, Gígja Marín Þorsteinsdóttir, Helga Sóley Heiðarsdóttir, Margrét Lilja Thorsteinson og Perla María Karlsdóttir endurnýjuðu sína samninga, en þær hafa spilað með meistaraflokki Hamars síðastliðin 3 tímabil þrátt fyrir ungan aldur. Þær hafa tekið miklum framförum sem meistaraflokksleikmenn og það verður spennandi að fylgjast með þeim á næsta tímabili. Það er mikil ánægja með að halda þess-

um öfluga hópi leikmanna og að geta haldið áfram að byggja upp liðið með sama kjarna og síðustu tímabil.

Með liðinu æfir einnig góður hópur eldri og reyndari leikmanna sem stefnir á að taka slaginn áfram á næsta tímabili ásamt því að margar ungar 10. flokksstelpur frá Hamri og Þór eru að taka sín fyrstu skref í meistaraflokki og æfa með liðinu. Það er óhætt að segja að framtíðin sé björt í kvennakörfunni og það verður gaman að fylgjast með liðinu á næsta tímabili.



Gunnar og Sveinn Búi á Selfoss

KÖRFUBOLTI Gunnar Steinþórsson og Sveinn Búi Birgisson eru nýir liðsmenn Selfoss-Körfu. Þeir eru báðir 18 ára, uppaldir KR-ingar og hafa skráð sig til náms við FSu til að ljúka framhaldsskólánámi ásamt því að stunda körfubolta af miklum móð í akademíunni, spila með unglingaflokki og reyna sig með Selfossi í 1. deild karla.

Þeir hafa báðir verið viðloðandi öll yngri landsliðin, U15, U16 og U18, unnið 2 Íslandsmeistarátitla og 1 bikarmeistarátitil. Sveinn Búi spilaði með U16 ára landsliðinu sem lenti í 2. sæti á eftir Eistlandi á Norðurlandamóti og stefnan er sett á gullið í U18 í ágúst næstkomandi.

Það er mikill fengur og viðurkenning fyrir starfið okkar á Selfossi að fá til sín unga leikmenn í þessum

gæðaflokki sem stefna hátt. Allar aðstæður eru fyrir hendi til að bæta sig og félagið er spennt fyrir því að fá að taka þátt í þeirri vegferð með þeim, sem og þeim öðrum ungum og

efnilegum leikmönnum sem hafa skrifað undir leikmanna- og akademíusamninga.

Hjartanlega velkomnir, Gunnar og Sveinn Búi.



Fjórir Selfyssingar; B-landslið kvenna

HANDBOLTI Fjórir Selfyssingar hafa verið valdir í B-landslið kvenna af Arnari Péturssyni, en liðið kom til æfinga um liðna helgi. Það eru þær Hulda Dís Þrastardóttir, Ída Bjarklind Magnúsdóttir, Katla María Magnúsdóttir og Krístrún Steinþórsdóttir. Í liðinu er blanda af eldri leikmönnum sem hafa verið nálægt eða í kringum A-landslið auk leikmanna sem

hafa staðið sig vel með yngri landsliðunum undanfarin ár.

„Við viljum kynnast fleiri leikmönnum og víkka sjóndeildarhringinn áður en við veljum næsta hóp, það er töluverður tími núna í næsta verkefni og því rétt að gefa fleirum tækifæri á að mæta á æfingar hjá okkur,“ sagði Arnar Pétursson um hópinn.



Hulda Dís, leikmaður Selfoss, er ein þeirra sem var valin í B-landslið kvenna á dögunum.
Ljósmynd: Umf. Selfoss/ÁÐG

Mikel Ereño í þjálfarateymið

KÖRFUBOLTI Selfoss Karfa hefur ráðið til starfa nýjan aðstoðarþjálfara við körfuboltaakademíu félagsins og meistaraflokk karla. Hann heitir Mikel Ereño og er 25 ára gamall, frá Bilbao á Spáni.

Mikel hefur þjálfað samhliða námi undanfarin 6 ár, leikmenn á aldursbilinu frá U13 til U18. Árið 2017 hóf hann störf sem aðstoðarþjálfari hjá atvinnumannaliði í Leob Gold, næst efstu deild á Spáni, og var þar í tvö ár.

Á síðasta ári var hann ráðinn til Real Betis og hjálpaði þar m.a. ungum efnum að þróa hæfileika sína og vann að dýpri tölfraðigreiningu fyrir ACB lið félagsins.

Mikel hefur lokið þjálfararéttindanámi hjá spænska körfuboltasambandinu, „National Basketball Coach Qualification“ árið 2017 og á síðasta ári „1st & 2nd Federation Qualification“.

Ásamt akademíunni og mfl. karla verður Mikel í þjálfarateymi yngri flokka á Selfossi.

Velkominn á Selfoss, Mikel!



Lið Byko sigrar Suðurlandsdeildina

HESTAMENNSKA Þriðjudaginn 23. júní fór fram lokakvöld Suðurlandsdeildarinnar í hestaíþróttum. Líkt og annað síðustu mánuði þá hafði COVID töluverð áhrif á deildina sem varð til þess að henni lauk utandyra 23. júní í stað innanhúss þann 17. mars sl.

Deildin hefur verið virkilega skemmtileg og jöfn í vetur líkt og síðustu tímabil.

Það var lið Byko sem stóð uppi sem sigurvegari eftir að hafa leitt liðakeppnina frá fyrstu keppni sem er glæsilegur árangur og óskum við þeim innilega til hamingju!

Fast á hæla Byko kom svo lið Húsasmiðjunnar sem lenti í öðru sæti og á eftir þeim lið Krappa.

Það eru lið Fákasels og Ásmúla sem því miður detta út eftir þetta tímabil.

Önnur úrslit kvöldsins voru þau að lið Vöðla/Snilldarverks/Sumarliðabæjar hlaut stigaplattann í skeiði og lið Húsasmiðjunnar hlaut stigaplattann fyrir.

Heildarniðurstaða liðakeppninnar

Sæti	Lið	Stig
1	Byko	300,5
2	Húsasmiðjan	277
3	Krappi	250,5
4	Vöðlar / Snilldarverk / Sumarliðabær	232
5	Heimahagi	219
6	Töltrider	216,5
7	Fet / Kvistir	213,5
8	Heklu hnakkar	211,5
9	Hemla / Hrímnir / Strandarhöfuð	209,5
10	Equsana	208
11	Fákasel	110
12	Ásmúli	90

unnar hlaut stigaplattann fyrir töltrið.

Í töltri áhugamanna sigraði Elín Magnea Björnsdóttir úr liði Heklu hnakka á hryssunni Melódíu frá Hjarðarholti með einkunnina 7,22 og í töltri atvinnumanna sigraði Sigurður



Lið Byko tekur við verðlaunum fyrir stigahæsta lið tímabilsins. F.v. Brynja Amble liðsstjóri, Elín Holst, Sævar Örn Sigurvinsson, Jón Björnsson, Herdis Rútsdóttir, Árni Sigfús Birgisson, Bergur Jónsson aðstoðarliðsstjóri, Gunnar Bjarki Rúnarsson verslunarstjóri Byko á Selfossi og Ásdís Hrönn Hilmarisdóttir deildarstjóri Byko á Selfossi.

Sigurðarson úr liði Krappa á hryssunni Rauðu-List frá Þjóðólfsdaga með einkunnina 7,72.

Í skeiði áhugamanna sigraði Eva Dögg Pálsdóttir úr liði Ásmúla á hestinum Jarli frá Kílbrauni, Eva Dögg og Jarl fóru á tímanum 7,81 sek. Í skeiði at-

vinnumanna sigraði Guðmundur Björgvinsson úr liði Vöðla/Snilldarverks/Sumarliðabæjar á hryssunni Stolti frá Laugavöllum á tímanum 7,67 sek.

Við viljum þakka öllum þeim sem komu að Suðurlandsdeildinni 2020 með einum eða

öðrum hætti þetta tímabil kærlega fyrir alla aðstoð!

Við hlökkum til næsta tímabils!

Takk fyrir okkur, stjórna Suðurlandsdeildarinnar.



Aftari röð: Kristján og Hafsteinn. Fremri röð: Barbara Meyer, formaður blakdeildar, Radoslaw Rybak, þjálfari og Valdimar Hafsteinsson, formaður úrvalsdeildarráðs. Mynd: Sigrún Kristjánsdóttir.

Radoslaw Rybak þjálfar úrvalsdeildarlið Hamars í blaki

BLAK Hamar í Hveragerði undirritaði í kvöld samninga við þjálfara og 2 leikmenn fyrir úrvalsdeildarlið félagsins í blaki fyrir komandi tímabil. Radoslaw Rybak (Radek) mun þjálfa liðið, en hann er frá Póllandi, einni öflugustu blakþjóð heims. Hann er gríðarlega reynslumikill, bæði sem leikmaður og þjálfari og á meðal annars að baki 17 ára feril í efstu deild í heimalandinu auk fjölda landsleikja þar sem eftirminnilegust er þátttaka hans á Ólympíuleikunum í Aþenu, 2004. Radek mun einnig sinna annarri þjálfun, karla og kvenna, hjá félaginu næstkomandi vetur.

Það er Hamarsfólki einnig mikil ánægja að kynna til leiks

þá Hafstein og Kristján Valdimarssyni. Hafsteinn og Kristján eru uppaldir í Hveragerði en hófu blakferilinn hjá KA þegar þeir stunduðu nám við Menntaskólann á Akureyri. Að námi loknu héldu þeir utan í atvinnumennsku, þar sem þeir hafa spilað þar til nú við góðan orðstír. Kristján kemur frá Tromsø í Noregi og Hafsteinn frá Calais í Frakklandi þar sem þeir hafa leikið undanfarin ár. Þeir eiga fjölda landsleikja að baki fyrir A-landslið Íslands en nú er loksins komið að því að spila einnig fyrir heimabæinn. Hamarsfólk er stórhuga fyrir komandi vetur og mikil spenna ríkir fyrir úrvalsdeildarliði félagsins í blaki.



Tónleikar

4. og 11. júlí 2020

Tónleikar 4. júlí 2020, kl. 20:30 í Kapellunni á Klaustri. Sveinn Guðmundsson spilar á gítarinn og syngur. Sveinn semur bæði lögin og textana. Ljúfir tónar í fallegu umhverfi.

Tónlistarmaðurinn Heiðar Örn úr Botnleðju kemur 11. júlí 2020 og spilar á Hótel Laka kl. 21:00. Sama dag kl. 17:00 ætla Heiðar Örn úr Pollapönki að spila og syngja með krökkum í Íþróttahúsinu. Þar verður stuð.

Aðgangseyrir er 1000 kr. frítt fyrir 16 ára og yngri.

Styrktaraðili er Hótel Laki.

TÓNA-SERÍA Menningar-
málanefndar Skaftárhrepps



Sagnaþættir og hrakningasögur hafa alltaf heillað mig

segir lestrarhesturinn Hannes Stefánsson

Hannes Stefánsson er fæddur Hur Flóamaður. Eftir stúdentspróf frá ML 1970 og nám í íslensku og þýsku við HÍ tók við sveitabúskapur í Arabæ í Flóa. Að því loknu kennsluréttindanam og kennsla í þýsku og íslensku við FSu 1984 - 2017 auk íslenskukennslu fyrir útlendinga, bæði í FSu og á kvöldnámskeiðum. Leiðsögunám 1987 - 1988 og umsjón með nokkrum svæðisleiðsögunámskeiðum á Selfossi. Hannes hefur búið á Vogu í Ölfusi síðan 1988 og nýtur þar eftirlaunaára ásamt Helgu Jóhannesdóttur konu sinni. Helstu áhugamál hans eru allt sem viðkemur Íslandi og Íslendingum, bridgespilamennska og spurningleikur.

Hvaða bók ertu að lesa núna?

Núna er ég að lesa *Þýska húsið* eftir Arnald Indriðason á þýsku. Bækur Arnaldar les ég gjarnan í þýskum þýðingum eða hlusta á þær á þýskum diskum. Stíll hans er einfaldur, kostir bóka hans liggja frekar í söguefninu og þess vegna tapast ekki mikið þó að textinn sé á erlendu máli. Ég hef gaman að því að lesa um íslenskt efni á útlensku. Þess vegna gríp ég jafnhliða í nýja, þýska ferðamannabók um Ísland, vitandi þó að lítið verður um leiðsögustörf í sum-ar. Og inn á milli gríp ég í lesefni fyrir leiðsöguferð með eldri borgurum. Það er betra að mæta ekki ólesinn í það próf.

Hvers konar bækur höfða helst til þín?

Allar bækur sem fylla upp í púsluspilið Ísland - land, þjóð og tunga. Hin ramma taug heimtar jarðtengingum. Sagnaþættir og hrakningasögur hafa alltaf heillað mig. Góðar ævisögur eru unaðslestur, ekki síst ef þær miðla glöggum þjóðlífslýsingum. Undir hamrastáli eftir séra Sigurjón Einarsson er gott dæmi. Skáldverk saki ég helst í raunseisdilkinn (ævintýraheimar Hringadróttins og Potters eru mér enn lokaðir). Það er magnað hvað vel unnar sögur geta opnað áhugaverða mannlífsskima, gjarnan sögulegs eðlis (en ekki skrumskælingar eins og í skáldsögunni *60 kíló af sólskini*). Á unglingarárum hreifst ég til dæmis af sögu Pearl S. Buck, *Gott land*, sem gerist í kínverskri sveit. Bækur Hosseini taka okkur með sér til Afganistan. Vissulega framandi heimur, en



Hannes Stefánsson

það er svo gaman að taka undir með Tómasi Guðmundssyni um hjörtu mannanna. Ljóðabækur hafa alltaf höfðað til mín. Nú skal vitnað í Sigurjón í Forsæti sem sagði að það væri aldeilis andlega snauður maður sem ekki gæti hrifist af því sem andans jöfrar hefðu hugsað og felld í meitluð ljóð.

Ertu alinn upp við lestur bókmennta?

Á mínu bernskuheimili var borin virðing fyrir bókum og öllu prentuðu máli. Kæmi ég sem gestur á nýtt heimili dróst ég að bókaskápnunum. Ég varð snemma læs og las allt: *Æskuna* jafnt sem *Frey*, *Samvinnuna* og *Timann* (verð að játa að stafli af *Mogganum* hjá Möggu í Rjóma-búinu heillaði mig tífalt meira en söluvarningurinn).

Minnistæð eru mér litlu lestrarverin úr barnaskólanum með afar fjölbreyttu efni. Barnabókaleysi bættist upp með því að eldri systkini mín fengu lán-aðar bækur hjá skólafélögum. Á jolum sló Árni í Hraunkoti út alla jólasveina. Að læra kvæði varð heimilissport. Pabbi og aðrir bændur vitnuðu oft í ljóð, það fannst manni flott.

En hvað einkennir lestrarvenjur þínar?

Það er einfalt. Ég er sílesandi fréttamiðla, tímarit, allt sem uppfyllir grúsklestrarþörf kannski frekar en heilu bækurnar frá upphafi til enda. Bóklestur fyrir svefninn er heppilegt milli-stig milli vöku og draums.

Áttu þér uppáhaldshöfund?

Laxness stendur upp úr en hefur þann ókost að hann lætur aðra íslenska höfunda blikna. 15 ára gamall á Laugarvatni þekkti ég lítið til hans verka en Helgi Geirsson bókavörður sagði mér að prófa *Sjálfstætt fólk*. Ég hóf lesturinn og eftir nokkrar blað-

síður blasti við uppgötvun: Þetta er svo miklu flottari texti en aðrir höfundar skrifa! Reyndar gat ég ekki fyrirgefið Laxness að láta Bjart flosna upp, það var ekki í samræmi við hugmyndafræði *Tímans* og *Samvinnunnar*. Ég dáist líka að kvenlýsingum í *Sölku Völku*, skrifuðum af karlmanni innan við þrítugt. Vissulega eru fleiri íslenskir höfundar fantagóðir: Ólafur Jóhann í smásögum sínum, Pétur Gunnarsson í Andrabókunum, Jakobína Sigurðardóttir í ýmsum verkum. Ég verð að játa að mér finnast nýjustu skáldsagnahöfundar íslenskir tæplega standa undir áhlöðnu hrósi. Þeir fara halloka í samkeppni við *Sagnaþætti Guðna Jónssonar* á náttborði mínu. Enda er ég búinn að koma mér upp brimbrjót gegn jólabókaflóðinu. Af ljóðskáldum verð ég að nefna Jónas, Stephan G., Guðmund Böðvarsson, Hannes Pétursson, Snorra Hjartarson og Þórarinn Eldjárn. Þeir eru alhliða gæðingar sem tjá hugðarefni sín með listatökum á íslenskri tungu. Norrænir höfundar hafa alltaf verið í afhaldi hjá mér, síðustu árin öðrum fremur Sviinn Frederick Backman. Margir hafa kynnst honum Ove, en endilega lesið þið líka *Bresti* og *Fólk í angist*.

Hefur bók rænt þig svefni?

Já og öfugt, ég hef sofnað út frá bók. Góðar spennusögur (Alistair McLean) stytta einatt svefntímann. Krassandi draugasögur voru ekki hollar fyrir nóttina í rafmagnsleysi bernskunnar og öllu andvökum.

En að lokum Hannes, hvernig bækur myndir þú skrifa ef þú værir rithöfundur?

Stuttar bækur. „Words don't come easy“ var einu sinni sungið og mér er stirt um stef. En sennilega gæti ég klastrað saman barnabók með hrekkjóttri aðalpersónu.

Lestrarhestur númer 95.
Umsjón Jón Özur Snorrason.

Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er auglýst eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi í Rangárþingi eystra.

Sóltún - Deiliskipulag

Deiliskipulagstillagan felur í sér afmörkun á tveimur íbúðalóðum, Sóltún 1 og Sóltún 2. Á hvorri lóð er heimilt að byggja allt að þrjú hús, þ.e.a.s. íbúðarhús, bílgeymslu og gestahús. Heildarbyggingarmagn á hvorri lóð er 200 m².

Ofangreindar deiliskipulagsbreytingar er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, www.hvolsvollur.is og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 1. júlí 2020. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar, og er frestur til að skila inn athugasemdum til 12. ágúst 2020. Athugasemdum skal skila skriflega á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra, Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

F.h. Rangárþings eystra
Guðmundur Úlfar Gíslason
skipulags- og byggingarfulltrúi

Ferðafélag barnanna á Suðurlandi - Hlýðum Víði og ferðumst innanlands



Ferðafélag barnanna á Suðurlandi var stofnað í apríl 1919, á 10 ára afmælisári Ferðafélags Árnesinga og heyrir undir Ferðafélag Íslands. Forsprakkinn að stofnuninni er Dána Gestsdóttir, en hún er íþrótt- og heilsufræðingur og skyndihjálparkennari. „Sumarið 2019 fórum við í fjórar

skipulagðar göngur, þar sem þátttaka fór fram úr björtustu vonum, mest mættu 150 manns þegar við gengum á Mosfell í Grímsnesi. Ferðir Ferðafélags barnanna eru farnar á forsendum barna og ungmenna og sniðnar að þörfum þeirra. Í félaginu má meðal annars skrifa á maganum, vera berfættur, pissa úti, smakka á náttúrunni og verða skítugur“, segir Dána brosandí.

„Markmið ferðafélagsins er að hvetja börn og fjölskyldur til útivistar, upplifa okkar fallegu náttúru og skapa dýrmæt看ningar saman.“

„Börnum finnst fátt meira spennandi og skemmtilegt en að fá að leika úti í náttúrunni, skoða og upplifa nýja hluti. Börn geta svo miklu meira en við höldum og er það iðulega þannig að þau hlaupa áfram og

upp án þess að blása úr nös og skilja okkur fullorðna fólkið eftir mäsandi. Það er lykilatriði að taka alltaf með sér eitthvað upphaldsnesti sem við borðum á leiðinni og stundum rekumst við á tröll sem hafa orðið að steini, skritin skordýr eða bælið hans Mikka refs. Alltaf einhver ævintýri. Göngurnar eru endurgjaldslausar, eina sem þarf meðferðis er klæðnaður eftir veðri, upphaldsnesti og góða skapið“, segir Dána. Það er þá ekkert eftir en að taka saman nesti og klæða sig eftir veðri og mæta. Aðspurð segir Dána auðvelt að nálgast dagskrána hverju sinni á Facebook. „Fyrsta ganga sumarsins er plönuð 6., 7. eða 8. júlí (fer eftir veðri) á Miðfell sem er fjall Hrunamanna. Skemmtilegt og fallegt fjall sem auðvelt er göngu. Planið er að fara 3-4 toppa saman í sumar“, segir Dána að lokum. -gpp

Lýðheilsuvísar 2020 kynntir á Selfossi – Suðurland kemur vel út

Meira en 60% Íslendinga telja sig mjög hamingjusama og Sunnlendingar einkum. Um 10% landsmanna upplifa oft einmanaleika og yngri fólk finnur frekar fyrir einmanaleika en þeir sem eldri eru. Heldur hefur dregið úr áhættudrykkju fullorðinna en mánaðarleg ölvunardrykkja nemenda í 10. bekk hefur aukist lítillega. Enn dregur úr daglegum reykingum fullorðinna og rafrettunotkun ungmenna. Þetta kemur fram í kynningu á nýjum lýðheilsuvísam sem fram fór á Hótel Selfossi þann 23. júní sl.

Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri sveitarfélagsins Árborgar ávarpaði fundinn. Hann ræddi meðal annars um mikilvægi góðra lykílvísa og áskoranir við að nýta þá til beinna aðgerða. Landlæknir, Alma D. Möller, sagði frá samstöðu og samstarfi hér á landi á tímum COVID-19.

Lýðheilsuvísarnir auka yfirsýn til að gera þjónustu markvissari

Þetta er í fimmta sinn sem lýðheilsuvísar embættis landlæknis eru gefnir út. Lýðheilsuvísar eru safn mælikvarða sem gefa vísbendingar um heilsu og líðan þjóðarinnar. Þeir eru settir fram til þess að veita yfirsýn og auðvelda heilbrigðisþjónustu og sveitarfélögum að greina stöðuna í eigin umdæmi þannig að vinna megi með markvissum hætti að því að bæta heilsu og líðan íbúanna.



Við val á lýðheilsuvísam er sjónum einkum beint að þeim þáttum sem hafa áhrif á heilsu og líðan sem fela í sér tækifæri til heilsuefingar og forvarna. Þá er leitast við að velja þá þætti í sjúkdómabyrði sem mikilvægt er að heilbrigðisþjónusta hvers umdæmis geri sér grein fyrir og bregðist við.

Norðurlandamet í neyslu gosdrykkja

Íslendingar hafa lengi átt Norðurlandamet í neyslu á gosdrykkjum. Enn frekari aukning á daglegri gosdrykkjaneyslu er því áhyggjuefni. Um fimmtungur fullorðinna og barna í 5.-7. bekk drakk gosdrykki daglega árið 2019. Þá ná aðeins um 11% fullorðinna ráðleggingum embættis landlæknis um neyslu

á fimm skömmtum af ávöxtum og grænmeti á dag.

Hlutfall þeirra sem eiga erfitt með að ná endum saman lækkaði mest á Suðurlandi

Heldur lægra hlutfall fólks átti erfitt með að ná endum saman árið 2019 en árin á undan og hefur hlutfallið lækkað mest á Suðurlandi. Á síðustu 15 árum hefur dregið úr líkum á því að deyja fyrir 70 ára aldurs vegna tiltekinnar langvinnra sjúkdóma en mismikið eftir heilbrigðisumdæmum. Í heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna er stefnt að því að fækka ótímabærum dauðsföllum af völdum annarra sjúkdóma en smitsjúkdóma um þriðjung með fyrirbyggjandi aðgerðum og meðferð.

Íbúar á Stokkseyri athugið

Þann 3. og 4. júlí nk. mun Stokkseyringum verða boðið uppá að deila sögu sinni og/eða sögu staðarins. Markmiðið er að taka upp á stafrænt form, einstaklinga hvern í sínu lagi eða í litlum hópum. Upptökur þessar munu verða notaðar við rannsóknir og skrif um sögu bæjarins og nágrenni hans.

Stefnt er á samskonar upptökur í hinum byggðarkjörnum síðar í mánuðinum.

Umsjónarmaður verkefnisins fyrir hönd Árborgar er Þórólfur Sigurðsson, sagnfræðinemi og sumarstarfsmaður hjá Sveitarfélaginu Árborg. Nánari upplýsingar eru veittar í netfanginu thorlofur.s@arborg.is.



Sláturhús Selfossi

Störf í sláturtíð haustið 2020

Sláturfélag Suðurlands óskar eftir að ráða **slátrara** sem og **almenna starfsmenn** til starfa í sláturtíð sem hefst í byrjun september og stendur í um tvo mánuði.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starf á heimasíðu félagsins www.ss.is undir „sækja um starf“.

Nánari upplýsingar hjá SS á Selfossi í síma **480 4100**.
Upplýsingar um SS er hægt að nálgast á heimasíðu fyrirtækisins www.ss.is.



Júlíferð FEB Selfossi

fimmtudaginn 16. júlí kl. 10:00

HRINGFERÐ UM ÖLFUS OG FLÓA

Farið frá Grænumörk kl. 10:00. Komið við í Hveragerði og Hellisheiðarvirkjun þaðan sem ekið verður um Þrengsli, Eyrarbakka, Stokkseyri að Þjórsárveri og lokaviðkomustaður verður Íslenski bærinn í Austur - Meðalholtum. Leiðsögumaður verður Hannes Stefánsson. Verð 9000 krónur greiðist í rútu. Innifalið er rúta, leiðsögn, hádegishressing í Skyrinu Hveragerði, jarðhitasýning í Hellisheiðarvirkjun, „Íslenski bærinn“ þar sem verður boðið uppá skoðun, kaffi, rjómapönnuköku og kleinu. Skráningarlisti liggur frammi í Grænumörk 5, einnig hægt að hringja í Helga í 860 7032, Sirrý í 863 7133 og Þorgrím Óla í 698 3100.

(Ath. þeim sem eru í viðkvæmri stöðu eða finna til veikinda er ráðið frá að skrá sig í ferðina. Hvatt er til fyllsta hreinlætis og bent á að þátttakendur eru á eigin ábyrgð og FEB áskilur sér rétt til að breyta auglýstri dagskrá ef óvænt atvik koma upp).

Ferðanefnd FEB Selfossi



Rangárþing eystra

ÚTBOÐ



Rangárþing eystra óskar eftir tilboðum í:
„Hvolsvöllur 2020 – gatnagerð norðan byggðar“

Verkið felur í sér gerð á nýjum götum norðan núverandi byggðar á Hvolsvelli. Verktaki skal jarðvegsskipta götustæði samkvæmt kennisniðum og leggja styrktarlag. Verktaki skal einnig leggja fráveitu, vatnsveitu, hitaveitu og ýmist leggja eða aðstoða við lagningu annarra veitulagna.

Helstu magntölur eru:

Gröftur	4500 m ³
Styrktarlag og fylling í lagnaskurði	6870 m ³
Fráveitulagnir	1510 m
Vatnsveitulagnir	775 m
Hitaveitulagnir	1120 m

Verkinu skal að fullu lokið 1. desember 2020.

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með þriðjudeginum 30. júní 2020. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Bárð Árnason hjá Eflu á Suðurlandi með tölvupósti í netfangið ba@efla.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti. Tilboðum skal skila til á skrifstofu Rangárþings eystra, Austurvegi 4, 860 Hvolsvöllur fyrir kl. 11.00 miðvikudaginn 15. júlí 2020 og verða þau opnuð þar að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Guðmundur Úlfar Gíslason
skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþings eystra

Auglýsing um deiliskipulag á lóðinni Hellisland, svæði 36, á Selfossi í Sveitarfélaginu Árborg



Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að deiliskipulagi á lóðinni Hellisland, svæði 36, á Selfossi.

Um er að ræða lóðina Hellisland, svæði 36, sem skilgreind er sem íbúðalóð í aðalskipulagi. Lóðin liggur við Hellisland á Selfossi. Lóðinni verður skipt upp í þrjár lóðir. Á lóðinni Hellislandi 36 verði heimilað að byggja þriggja hæða hús allt að 200 fm að grunnfleti. Efsta hæðin verður innregin allt að 120 fm og leyfilegt að byggja þar glerhýsi og þaksvallir. Veggahæð er allt að 8,6 m og þakhalli verði allt að 0-45 gráðum. Á lóðunum Hellislandi 36A og 36B á suðvesturenda heildarlóðarinnar verði heimilað að byggja 2 hæða hús allt að 150 fm að grunnfleti og með 0-45 gráðu þakhalla veggahæð allt að 6 m frá gólfplötu. Tvö bílastæði verða við hvort hús og fjögur bílastæði við Hellisland 36. Kvöð er um akstur í gegnum lóðina Hellisland 36A að lóðinni Hellisland 36B. Akvegur að lóðunum liggur í gegnum báðar lóðirnar.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skilmálum vegna tillögunnar mun liggja frammi á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi frá og með miðvikudeginum 1. júlí 2020 til miðvikudagsins 5. ágúst 2020. Öllum er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila athugasemdum rennur út miðvikudaginn 12. ágúst 2020 og skal þeim skilað skriflega til skipulagsfulltrúa á skrifstofu hans að Austurvegi 67, 800 Selfossi, eða á netfangið skipulag@arborg.is.

Á sama tíma er uppdráttur, greinargerð og skilmálar til kynningar á heimasíðu Árborgar <http://www.arborg.is> þar sem hægt er að skoða tillöguna.

Virðingarfyllt,

Sigurður Andrés Þorvarðarson
skipulagsfulltrúi.

Þakkarorð

Gísli Halldór
Halldórsson

bæjarstjóri
Árborgar



Sveitarfélög á Íslandi og alveg sérstaklega framlínustarfsfólk, gegndu mikilvægu hlutverki í því neyðarástandi sem ríkti í vetur vegna Covid-19. Starfsfólk Árborgar háði daglega baráttu við að halda úti eins mikilli þjónustu og mögulegt var, innan þess ramma sem aðgerðir almannavarna mæltu fyrir um.

Þetta var ekki alltaf auðvelt. Starfsfólk í velferðarþjónustu og fræðslumálum lagði oft mikið á sig til að veita þjónustu við gjör-

breyttar aðstæður, og oft í miklu návígi við annað fólk, þegar smíðaða var meiri en hún er í dag.

Í skólum, leikskólum og annarri persónulegri þjónustu var úrlausn mála mjög flókið verkefni. Sífellt þurfti að finna nýjar leiðir, m.a. til að mæta fjarveru þeirra sem fóru í sóttkví eða glímdu við veikindi, en einnig til að sníða jafnóðum þjónustuna að þeim takmörkunum sem neyðaraðgerðir almannavarna settu okkur.

Það var áberandi hve starfsfólkið var tilbúið til að láta hlutina ganga upp í því furðulega ástandi sem við glímdum við þessa mánuði. Stjórnendur, forstöðumenn og annað starfsfólk lögðu mikið af mörkum til að stuðla að jákvæðni, baráttu-

anda og lausnamiðaðri hugsun.

Starfsfólk Árborgar tók ábyrgð og frumkvæði í því verkefni sem við fengum í fangið þann 13. mars síðastliðinn. Þetta leiddi til farsællar framkvæmdar á samkomubanninu og það hefur sést greinilega á viðbrögðum íbúa að þeir kunnu almennt mjög vel að meta hvernig tekið var á málum.

Starfsfólk sveitarfélagsins lagði mikið á sig og á þakkir skildar. Íbúar hafa sýnt starfsfólki þakklæti sitt í orðum og verki, það er okkur sannarlega mikils virði og er hvatning til dæða í þeim verkefnum sem framundan eru.

Fyrir hönd bæjarstjórnar Árborgar færi ég ykkur öllum hjartans þakkir og óskir um ánægjulegt sumar.

Efling byggir upp til framtíðar í Reykholti í Biskupstungum

Allt frá árinu 2000 hefur verið til skoðunar að Efling undirbúi byggingu orlofshúsa á landskika sem félagið á við Reykholt í Biskupstungum. Nánar tiltekið er skikinn úr landi jarðarinnar Stóra-Fljót í Bláskógabyggð og stendur suðaustan byggðarinnar í Reykholti, á háholti með miklu útsýni yfir Suðurland og til Flúða. Markmiðið er að byggja þar upp kjarnabyggð sem mun verða þungamiðja í starfsemi orlofs-sjóðs Eflingar á Suðurlandi í framtíðinni.

Nú er fyrri áfangi 12 húsa byggðar uppkomin og verða 6 hús afhent félaginu við athöfn

tilgangi sem var vægast sagt óvenjulegt á þeim tíma. Ætlunin var að nýta landið í þágu félagsmanna Dagsbrúnar og reisa þar mannvirki í því skyni.

Verkamannafélagið Dagsbrún, sem var eitt þeirra félaga sem stóð að stofnun Eflingar með samruna nokkurra félaga, hugðist reisa þarna félags- og hvíldarheimili fyrir Dagsbrúnarfélaga og má á því sjá að þeir sem að því stóðu voru langt á undan sínum samtíð. Hugleiða má hvort þarna sé jafnvel kominn fyrsti vísir að orlofsmálum stéttarfélaganna eins og við þekkjum þau mál í dag.

Ekkert varð hins vegar af framkvæmdum á þeim tíma, aðeins reistur braggi sem var eins konar verfæra- og geymsluskúr því félagsmennirnir fóru margar ferðir austur til að sinna girðingarvinnu og fleiru og allt í sjálfböðavinnu.

Má nú, um 75 árum frá kaupum landsins, með sanni segja að tímabært sé að þessar stórhuga hugmyndir frumkvöðlanna verði að veruleika og félagsmenn Eflingar njóti til langrar framtíðar orlofsdvalar á þessum sérlega fagra stað.



Fljótshlíðarbændur græða upp Fljótshlíðarafrétt

Íbyrjun júní fóru Fljótshlíðarbændur í árlega vorferð inn á Fljótshlíðarafrétt. Þetta hafa þeir gert frá árinu 1971 og grætt upp stórt landsvæði, en þar er unnið samkvæmt landbótaáætlun. Upprekstrarfélagið í Fljótshlíð hlaut Landgræðsluverðlaunin árið 2015 fyrir áratuga uppgræðslustarf og uppgræðslu á um 400 ha. svæði. Í dag er verið að vinna með aðra 400 ha og er þátttaka bændna ávallt góð. Svæðið er einnig vinsælt útivistarsvæði bæði sumar og vetur. Þaðan er stutt inn á suðurhálendið. Rangárþing eystra

hefur stutt við verkefnið til fjölda ára. Á myndinni má sjá

hluta af þeim bændum sem fóru í ferðina í byrjun júní.



Mynd: Kristinn Jónsson.

GRÆNJAXLINN

FJÖLMIÐLAHÓPUR ZELSIUZ - 2020



Hvað er Ungmennaráð Árborgar?

Í stuttu máli er Ungmennaráð Árborgar ráð með ungmennum og unglingum sem búa í Árborg og vilja bæta sveitafélagið og Ísland.

Hvernig bætum við Árborg?

Við leggjum til hugmyndir til hinna ýmsu ráða hjá Árborg, höldum viðburði o.fl.

Hvernig kemst ég í Ungmennaráð Árborgar?

Þú getur verið kosinn í ráðið á Ungmennafélagi Árborgar, hjá félagsmiðstöðinni Zelsiuz, í skóla í Árborg, í æskulýðsfélögum, í skátunum og í ungmennafélögum.

Hvað er gert í Ungmennaráði Árborgar?

Við mætum á fundi, búum til greinar, ferðumst, höldum kynningar og kynnumst öðru fólki.

Er ekkert fullorðið fólk með ykkur?

Jú, Gunnar E. Sigurbjörnsson er okkar starfsmaður innan Árborgar, hann starfar sem tómstunda- og forvarnarfulltrúi í Árborg. Hann hjálpar okkur með hugmyndirnar okkar, hjálpar okkur að bæta okkur og er forsvarsmaður okkar. Guðmundur Bergsdóttir er annar starfsmaður okkar í Árborg, hún vinnur í félagsmiðstöð Zelsiuz. Hún starfar sem aðstoðar forstöðumaður tómstundahúsa Árborgar og sér um Ungmennaráð Samfés.

Hversu oft hittist þið?

Við hittumst u.p.b einu sinni aðra hverja viku en stundum oftar ef við erum að vinna í stórum verkefnum eða fara í ferðir. Á meðan COVID-19 var sem verst á Íslandi tókum við einn fjárfund.

Hver eru markmið ykkar?

Markmiðin okkar eru mörg en við viljum aðallega bæta samgöngur, skólalíf, íþróttalíf, umhverfismál og félagslíf í sveitafélaginu.

Hvað eru þið mörg og hvað er aldurstakmarkið til að komast í Ungmennaráð Árborgar?

Það eru 13 sæti í ráðinu fyrir krakka á aldrinum 15-25 ára.

Hvenær á árinu starfar Ungmennaráðið?

Við störfum mest á haustin og vorin en fundum einnig á sumrin og veturna.

Er gaman í Ungmennaráði Árborgar?

Okkur finnst persónulega mjög gaman vegna þess að við fáum að hafa áhrif á samfélagið, kynnumst fólki með svipað áhugasvið og ferðast.

Agnes og Elín



Afhverju ætti ég að vera vegan?

Ef þú ert að velta fyrir þér afhverju þú ættir nokkurn tímann að verða vegan eða minnka kjötnæyslu þá gerðum við stuttan lista af ástæðum sem hægt er að velta fyrir sér.

Hollt fyrir húðina

Það eru hormónar í mjólk og kjöti sem fara illa með húðina. Bara það að minnka mjólkurvörur getur hjálpað við t.d. bólur og önnur húðvandamál.

Loftslagsbreytingar

Kýr menga með ropi og það mengar að gera land fyrir dýrin með því að höggva tré og brenna skóga.

Þjáning dýra

Það er ekkert leyndarmál að það sé illa farið með dýrin sem við borðum. Kannski ekki allstaðar, en það er að gerast á allt of mörgum stöðum. Á mjög mörgum stöðum er látið nauðga dýrunum til að fjölga þeim.

Heilsan

Kjöt eykur líkurnar á hjartaáfalli, sykursýki og blóðtappa um 78%. Vegan matur er bragðgóður og hollur. Margir halda að vegan matur sé vondur og að úrvalið sé lítið en í rauninni er hægt að fá allt vegan.

Heimshungur og vatnsskortur

1/3 af allri ræktun heimsins er borðað af dýrum sem við borðum svo, það er nóg af mat fyrir 3 milljarða fólks

Sif, Helga og Katrín.

Bestu staðir til að hanga á Selfossi

Í tíunda sæti erum við með Gæsló, leikvöllur á milli Dælengi og Reyrhaga. Þar er mikið af leiktækjum og ágætt pláss, svo manni á ekki eftir að leiðast. Það gæti hinsvegar verið mikið af fólki að labba framhjá og jafnvel litlir krakkar með foreldrum sínum inn á leikvöllinum. Það er ekkert skjól þar sem þetta er opið svæði. Gæsló er ágætur staður ef það er gott veður og lítið af fólki á krei.

Nettó er í níunda sæti af því að það er mjög lítið næði, fólk sem á heima nálægt (sem gæti hringt á lögguna) og fólk að versla. Það er hinsvegar ágætlega skemmtilegt en maður ætti að passa sig á járn, glerbrotum og fleiri hlutum. Það er alveg ágætt skjól á svæðinu en ekki það besta.

Í áttunda sæti settum við Sunnó (Sunnulækjarskóli), þar er ágætt skjól fyrir vind en ekki fyrir rigningu. Þar er mjög mikið af fólki, sérstaklega á sumrin svo það er ekki mikið næði. En það er léttilega hægt að skemmta sér, þar sem það er mikið af leiktækjum og íþróttavöllum.

Í sjöunda sæti settum við kirkjuna. Kirkjan er meira og minna sér félagsmiðstöð fyrir þá sem vita um hana. Það er alltaf skemmtilegt prógram í gangi, þar er opið svæði og hægt að fara í marga leki. Þetta er samt ekki í gangi um sumarið. Þar er ágætt skjól fyrir vind og þegar prógrammið í kirkjunni er í gangi má vera inni. Það er samt líklegt að maður sjá/hitti einhvern.

Í sjötta sæti settum við fótboltavöllinn hjá Tíbrá. Fótboltavöllurinn er stórt, opið svæði og þar er hægt að spila fótbolta og aðra leiki. Hægt er að fara inn á salernið í Tíbrá til að fá skjól ef það skyldi koma vont veður. Möguleiki er á að það sé æfing í gangi á vellinum en þá er best fara eitthvað annað.

Í fimmta sæti er skátaheimilið. Það er skemmtilegur staður fyrir unglinga til að hanga, af því þar er trampolín og önnur leikföng og leiktæki og stór gras blettur. Þar er líka smá skjól fyrir vind og rigningu. Það er samt áhætta að rekast á starfsmann eða trufla fólkið í húsunum í kring.

Leikskólar eru góðir staðir til þess að hanga. Þar eru fullt af leiktækjum til að skemmta sér og oftast eitthvað skjól, en það er mjög líklegt að það séu litlir krakkar á svæðinu. Annars eru leikskólar mjög góðir staðir til að hanga á, þess vegna eru þeir í fjórða sæti hjá okkur.

Lóðin hjá FSU lenti í þriðja sæti hjá okkur af því að hefur hefur margt að því sem þú þarft. Þar er mjög gott skjól fyrir rigningu og roki. Þótt það séu engin leiktæki þá er þetta mjög stórt og opið svæði til að fara í allskonar leiki með vinum. Það er samt möguleiki á að rekast á aðra krakka þar.

Annað sæti fær Hellisskógur. Það getur tekið langan tíma að komast þangað en það er þess virði. Þar er gott skjól ef það skyldi koma rigning eða rok og einnig er gott næði þar sem það er ekki mikið af fólki þar. Það er líka alltaf mjög gaman að vera úti í náttúrunni með vinum sínum.

Í fyrsta sæti er félagsmiðstöðin Zelsiuz. Það er besti staðurinn af mörgum ástæðum, ein af þeim er að þar er alltaf skjól fyrir bæði roki og rigningu en þegar það er gott veður er hægt að vera úti. Það er alltaf eitthvað að gera, svo er líka skemmtilegt starfsfólk og mikið af krökkum til að vera með. Ef það eru of mikil læti getur maður farið inn í sér herbergi sem er kallað "búrið" þar sem er gott næði og auðvelt að finna sér eitthvað skemmtilegt að gera.

Lára & Agnes

Lag Vikunnar

Lag: Líttu inn í Latabæ
Flytjandi: Jón Jósep snæbjörnsson
Höfundar: John Partic O'Neil,
Máni Svavarsson, Richard Scobie

Fylgið okkur!

graenjaxlinn.com
 [@fjolmidlahopur_zelsiuz](https://www.instagram.com/fjolmidlahopur_zelsiuz)
 [Grænjaxlinn](https://www.facebook.com/Graenjaxlinn)

FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU

Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundir - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn

Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 10:30-11:30 Sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 Fimmtudag.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni

Fundur alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu
Hveragerði, efri hæð,
fimmtudaga kl. 20:30.

BÍLAR

KIETTUR

Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi

Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílavíðgerðir.
Hjólástillingar



Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069



Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

ÞJÓNUSTA



S: 662-1122
Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is



Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddy ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta



Fáðu tilboð í
auglýsingapakka
í blaðið og
á vefinn!



Hafðu samband
Sími 482 1944
dfs@dfs.is

KIRKJUR

Selfosskirkja

Messa sunnudaginn 5. júlí kl.
11:00. Kirkjukórinn syngur, org-
anisti Ester Ólafsdóttir og
prestur Axel Árnason Njarðvík.

Hvítasunnukirkjan Selfossi

Sunnudaga kl. 11:00. Samkoma,
barnastarf og kaffiveitingar.
English translation available.
Allir velkomnir. selfossgospel.is.

Úthlíðarkirkja

Guðsþjónusta sunnudag 5. júlí
kl. 16:00. Sr. Egill Hallgrímsson
annast prestsþjónustuna.
Organisti er Jón Bjarnason. Allir
eru hjartanlega velkomnir.

Stórborgarkirkja, Grímsnesi

Bæna- og kyrrðarstund við
kertaljós fimmtudagsvöld 9. júlí
kl. 20:30. Sr. Egill Hallgrímsson
annast stundina. Övenjuleg og
einföld samvera við hlíð himins-
ins. Allir eru hjartanlega vel-
komnir.

Arnarbæli

Útímessi í Arnarbæli í Ölfusi
kl. 14. Kirkjukór Hveragerðis - og
Kotstrandarsókna leiðir söng,
organisti Ester Ólafsdóttir,
prestur sr. Ninna Sif Svavars-
dóttir. Messukaffi á eftir. Ef veð-
rið bregst flyst guðsþjónustan inn
í Kotstrandarkirkju.

ÝMISLEGT

Ertu spænskumælandi?

Óska eftir að spænskumælandi
aðili hringi í mig til að tülka stutt
símtal til Spáanar. Málið er mjúkt
mál. Uppl. í síma 483 3568.

HEILSA

Nudd -
Svæðanudd

Dáleiðsla

Augnlestur og
heilsuráðgjöfEinföld en áhrifarík
ráð við ýmsum
heilsuvandamálum

Alla fimmtudaga í Heilsulindinni
Miðgarði, Austurvegi 4,
Selfossi.

Heiðar Ragnarsson
Sími 898 1501

NLP Meðferðardáleiðsla
og tilfinningavinna

Tryggðu þér einkatíma
í handleiðslu.

Er á Selfossi og
Laugarvatni.

Sími 862 4809
Vertu velkomin/n



Katrín Erla Kjartansdóttir

MP NLP Ráðgjafi/Coach
Facebook: NLP Meðferðardáleiðsla

Rangárþing ytra gerist
Heilsueflandi samfélag

Þann 25. júní varð Rangár-
þing ytra formlega aðili að
Heilsueflandi samfélagi þegar
Alma D. Möller, landlæknir og
Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri
skrifuðu undir samning þess efn-
is á skrifstofu sveitarfélagsins. Í
tilefni þess kom listasmíðjan frá
vinnuskólanum og börn úr elstu
deild leikskólans á Heklukoti
fluttu sitthvort lagið. Björk Grét-
arsdóttir, oddviti var síðan með
stutta kynningu á því starfi sem
búið er að eiga sér stað og sagði
frá dagskrá viðburða sem stefnt
er að vera með á vegum Heilsu-
eflandi samfélags. Í lokin var
Alma með kynningu á Heilsu-
eflandi samfélagi. Undirskrift,
lagaflutningur og kynningar
voru teknar upp og verður því
myndbandi deilt á næstu dögum.

Meginmarkmið Heilsuefl-
andi samfélags er að styðja
samfélög í að skapa umhverfi
og aðstæður sem stuðla að heil-
brigðum lífsháttum, heilsu og
velliðan allra íbúa. Í slíku sam-
félagi er heilsa og líðan íbúa
í fyrirrúmi í stefnumótun og
aðgerðum á öllum sviðum. Fé-
lagasamtök og stofnanir á svæð-
inu hafa tekið vel í að koma að
verkefninu og er stefnt að því
að skrifa undir samstarfssam-
ning með þeim á næstu dögum.
Búið er að skipa þverfaglegan
stýrihóp fyrir starfið sem tryggir
aðkomu lykilhagsmunaaðila að
því. Með hópnum starfar Saga
Sigurðardóttir, markaðs- og
kynningarfulltrúi sveitarfélags-
ins sem tengiliður við Embætti
landlæknis.

Rangárþing eystra er nú
Heilsueflandi samfélag

Í mörg ár hefur Heilsuefling
verið hluti af stefnu stjórn-
valda í Rangárþingi eystra og
fjöldmörg skref stigin í þá átt.
Hvolsskóli og Leikskólinn
Örk hófu innleiðingu Heilsu-
eflandi skóla árið 2016 og
stendur sú innleiðing enn yfir
enda um langtíma verkefni að
ræða. Rangárþing eystra hefur
til marga ára stutt við íþróttar-
starfsemi og verið með sam-
starfssamninga við íþróttafélög í
sveitarfélaginu sem hefur verið
afar farsælt og skapað tækifæri
fyrir börn að stunda fjölmargar
íþóttageinar.

Mörg heilsueflandi verkefni
eru í sveitarfélaginu fyrir alla
aldurshópa og má þar nefna 10
tinda verkefni Hvolsskóla, þar
sem nemendur ganga á eitt fjall
á ári alla grunnskólagönguna,
íþróttadaginn á Leikskólanum
Örk þar sem allir taka þátt, nem-
endur og kennarar, hreyfingu
fyrir aldurshópin 60+ svo fátt
eitt sé nefnt. Rangárþing eystra
býður uppá mjög góða aðstöðu
til alhliða íþróttaiðkunar svo sem
íþróttamiðstöð, líkamsræktarsal,

sundlaug, heilsustíg, folfvöll
o.fl. Einnig er um þessar mund-
ir unnið að nýju deiliskipulagi
fyrir skóla og íþóttasvæði þar
sem mjög metnaðarfullar hug-
myndir til framtíðar eru hafðar
að leiðarljósi.

Þann 25. júní sl. var svo stig-
ið það framfaraskref að form-
gera heilsueflandi aðgerðir með
því að undirrita samning við
Embætti landlæknis um Heilsu-
eflandi samfélag. Heilsueflandi
samfélag er samfélag þar sem
tekið er mið af heilsu og vellið-
an allra íbúa í stefnumótun og
aðgerðum á öllum sviðum. Þar
er unnið markvisst lýðheilsu-
starf með lýðheilsuvisi, gátlista
HSAM og víðeigandi gögn til
að meta stöðuna með tilliti til
íbúa á öllum æviskeiðum og
fargangsráða í samræmi við þá
greiningu. Unnið er heildstætt
með áhrifaþætti heilbrigðis og
er meginmarkmið starfsins að
skapa umhverfi og aðstæður
sem stuðla að heilbrigðum líf-
aðarháttum, heilsu og velliðan
allra íbúa í Rangárþingi eystra.



Eyravegur 25, Selfoss - Sími 482 1944 - selfoss@prentmetoddi.is

Nýr umdæmislæknir sóttvarna hjá HSU



Elín Freyja Hauksdóttir yfir-læknir á Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Höfn er nýr umdæmislæknir sóttvarna á Suðurlandi. Hún leysir af Hjört Kristjánsson umdæmislækni sóttvarna á Suðurlandi, sem er í árs leyfi. Elín Freyja lærði læknisfræði í Kaupmannahöfn og útskrifast þaðan árið 2011. Hún flutti heim ásamt fjölskyldu sinni 2012 að kandidatsári loknu og réð sig til starfa á Höfn þá um haustið. Þar hefur hún starfað síðan og búið ásamt fjölskyldu sinni, en eiginmaður hennar er frá Höfn og starfar þar m.a. sem

sjúkraflutningamaður ásamt fleiru. Elín Freyja hefur verið svæðislæknir sóttvarna síðustu ár og haldið utanum gerð við-bragðsáætlana fyrir HSU Höfn hvað varðar sóttvarnir og aðra v. Hún hefur lagt metnað í við-bragðsáætlanagerð sem og æf-ingar á notkun hennar, sem hefur komið sér vel á síðustu árum, þar sem oft hefur reynt á þessa kunnáttu viðbragðsaðila á því svæði. Einnig hefur hún haldið utanum mánaðarlegan hitting/æfingar fyrir alla viðbragðsaðila á Hornafirði, til að bæta sam-vinnu og kunnáttu fólks.

Vegur inn í Landmannalaugar opnaði 20. júní



Frá og með laugardegnum 20. júní verður vegur 208 í Landmannalaugar opinn. Aðrir vegir innan Friðlands að Fjallabaki verða þó lokaðir enn um sinn. Á Landmannalaugasvæðinu er talsverður snjór og aurbleyta á flestum gönguleiðum og verður fyrst um sinn einungis opin gönguleið um Laugahraun og á Bláhnúk. Gróður og jarðvegur er sérstaklega viðkvæmur á þessum tíma árs og biðjum við gesti að hjálpa okkur að vernda náttúruna og virða lokanir. Landverðir eru að sjálfsögðu mættir á svæðið og skálaverðir einnig.

Ný skýrsla um loftslagsmál í nautgriparækt

Starfshópur um loftslagsmál í nautgriparækt hefur skilað skýrslu til Kristjáns Þórs Júlíussonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Hópurinn var skipaður fyrr á árinu í framhaldi af undirritun samkomulags um breytingar á samningi um starfs-skilyrði nautgriparæktar þar sem m.a. kemur fram það markmið að íslensk nautgriparækt verði að fullu kolefnisjöfnuð eigi síðar en árið 2040. Hlutverk hópsins var að setja saman verk- og fjárhagsáætlun og að útfæra þau atriði sem miða að kolefnisjöfnun greinarnnar. Í skýrslunni leggur starfs-

hópurinn megináherslu á að þeir fjármunir sem til ráðstöfunar verða fram að næstu endurskoðun búvörusamninga árið 2023 verði nýttir annars vegar til að bæta þau gögn sem liggja til grundvallar losunarbókhaldinu í nautgriparækt og hins vegar til fræðsluverkefna. Þýðingarmikið er að bændur hafi aðgang að sem bestum gögnum um losun frá sínum búum, séu meðvitaðir um hana og þá möguleika sem þeir hafa til að draga úr henni. Fjármunir sem verða til ráðstöfunar eftir endurskoðunina 2023 verði síðan nýttir til að ýta undir beinar aðgerðir á búunum.



HVAR NÁLGAST ÉG DAGSKRÁNA Á SELFOSSI?

Vegna breytinga á þjónustu hjá Póstinum er Dagskránni ekki lengur dreift ómerktri í hús á Selfossi.

Leiðir til að fá Dagskrána

- 1 Í blaðakössum á Selfossi
Blaðakassarnir eru í flestum hverfum á Selfossi og auðvelt að nálgast blaðið á miðvikudagsmorgnum.
- 2 Í verslunum á Selfossi
Öllum matvöruverslunum og bensínstöðvum ásamt fleiri þjónustustöðum.
- 3 Send heim með Póstinum
Hægt er að sækja um þjónustuna inni á dfs.is/dreifing eða í síma 482 1944. Þú greiðir póstburðargjaldið og færð blaðið inn um lúguna í hverri viku.



Sími 482 1944 | dfs@dfs.is | www.dfs.is



Ölfus ætlar að verða Barnvænt sveitarfélag

Ásmundur Einar Daðason félags- og barnamálaráðherra, Birna Þórarinsdóttir, framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi, og Grétar Ingi Erlendsson, formaður bæjarráðs Ölfuss, undirrituðu í vikunni samstarfssamning um verkefnið Barnvænt sveitarfélag. Með undirskriftinni bætist Ölfus í myndarlegan hóp sveitarfélaga sem hefja nú vinnu við að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í stjórnsýslu sína með stuðningi félagsmálaráðuneytisins og UNICEF á Íslandi.

Þátttaka Ölfuss í Barnvæntum sveitarfélögum er liður í að byggja upp breiðfylkingu sveitarfélaga á Íslandi sem láta sér mannréttindi barna varða, með Barnasáttmálann að leiðarljósi og auknu samstarfi milli ríkis og sveitarfélaga.

Barnvænt sveitarfélag vinna markvisst að því að uppfylla réttindi barna

Hugmyndafræði Barnvænna sveitarfélaga byggir á alþjóðlegu verkefni UNICEF, Child Friendly Cities, en það hefur verið innleitt í hundruðum sveitarfélaga um allan heim. Barnvænt sveitarfélag vinna markvisst að því að uppfylla réttindi barna og UNICEF á Íslandi styður sveitarfélögin í innleiðingu sinni á Barnasáttmálanum.



Ásmundur Einar Daðason, Grétar Ingi Erlendsson og Birna Þórarinsdóttir við undirritunina.

Djarft skref að stíga

„Fjölmörg sveitarfélög hafa nú hafið vinnu við að verða Barnvænt sveitarfélag og það er alltaf ánægjulegt þegar nýtt sveitarfélag bætist í hópinn. Ég hef lagt áherslu á málefni barna í minni ráðherratið og því er það mikið gleðiefni að sjá hversu mörg sveitarfélög eru að vinna að því að tryggja réttindi barna enn frekar hér á landi,“ sagði Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra. Þá sagði Birna Þórarinsdóttir, framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi: „Það er djarft skref af Ölfusi að stíga að verða barnvænt sveitarfélag. Þrátt fyrir mjúkt

yfirheiti þá er þetta krefjandi verkefni sem felur m.a. í sér að hleypa ungmennum sveitarfélagsins að lýðræðislegri umræðu og ákvarðanatöku – þeim og samfélaginu öllu til hagsbóta. Við hlökkum til að styðja við Ölfus á þessari vegferð og sjá þau innleiða verkefnið á sinn einstaka og öfluga hátt.“

Grétar Ingi Erlendsson, formaður bæjarráðs Ölfuss skrifaði undir samninginn fyrir hönd sveitarfélagsins. „Við hlökkum til þessarar vinnu með UNICEF á Íslandi og ráðuneytinu. Við horfum björtum augum til framtíðar og kylum á þetta,“ sagði Grétar Ingi við undirritunina.

Nýr leikskóli fær nafnið Goðheimar

Haldin var nafnasamkeppni um nýjan leikskóla sem rís í Engjalandi á Selfossi. Alls voru átján þátttakendur í nafnasamkeppninni sem áttu vinnings-tillöguna sem varð fyrir valinu,

en leikskólinn hlaut nafnið Goðheimar. Dregið var á milli þátttakenda hver þeirra fengi verðlaun en það var Guðrún Hrafnhildur Klemenzdóttir sem hreppti þau. Í verðlaun var út að

borða fyrir tvo í Tryggvaskála og fallegur blómvöndur. Það voru Arna Ír Gunnarsdóttir formaður fræðslunefndar og Anna Ingadóttir deildarstjóri skólalæknustu sem veittu verðlaunin. -gpp



Bilasprautun • Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA
- þar sem fagmennurnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Stálsmíði



- Stálinnréttingar
- Stálfestingar
- Ákeyrsluvarnir
- Sérsmíði

Andraco ehf

Lynghæð, Urriðafossvogi, 803 Selfossi.
Andri64@simnet.is | Sími 868 5876

VANTAR ÞIG IÐNAÐARMENN



TRÉSMÍÐAR • PÍPULAGNIR
RAFVIRKJUN • MÚRVERK
MÁLUN • SÓLPALLAR
HELLULAGNIR • VÉLALEIGA

Sími 561 8080 • fverk@fverk.is

Lagnabjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 • 696 2311
Skrifstofa • Þjónustusími

25. ára



FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS



Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápavíðgerðir - Almennar raflagnir



**HREINGERNINGA-
þjónusta Suðurlands ehf.**

Allar ræstingar

Steinteppabreinsun, teppabreinsun,
bón, gluggabreinsun o.fl.

Sími 897 8444

Freint um allt Suðurland

Tæknipjónusta Suðurlands ehf. Selfossi

Sjónvarpskerfi
fyrir hótél og gistihús

Öryggiskerfi

Eftirlitsmyndavélakerfi

Hljóðkerfi

Símkerfi o.fl.

Sérhæfing - Þekking - Reynsla

Gunnar Guðmundsson
sími 694 4922

Vilmundur Sigurðsson
sími 779 6777

Josera

Gæludýrafóður

Fæst hjá

BYKO Selfossi



VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf

Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

*Efnissala
Rennismiði
Innréttingar
Járnsmíði*

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Hjólbarðapjónusta Magnúsar

Gagnheiði 25 - Sími 482 2151



Hjólbarðar
Smurpionusta
Betri vörur - betra verð

DFS.is

Auglýsingapantanir

Sími 482 1944
dfs@dfs.is



- Flutningapjónusta -

Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.


Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur

Sími 772 6010

Rétting og málun

Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi
☎ 480 8020



Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfr F. Sigurjónsson

Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is



**Vinnuvélanámskeið
á netinu!**

www.vinnuvelaskolinn.is